



26. fundur stjórnar LH 2024-2026
29. október 2025 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Ólafur Þórisson og Þórhildur Katrín Stefánsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson, Reynir Atli Jónsson, Jón Þorberg Steindórsson.

Forföll boðaði: Sveinn Heiðar Jóhannesson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerða síðustu tveggja funda
2. Yfirferð verkefna frá framkvæmdastjóra
 - Umsókn til afrekssjóðs fyrir árið 2026 er í vinnslu, verður skilað fyrir 1. nóv.
 - Skil á stöðuskýrslu til afrekssjóðs vegna afreksársins 2026
 - Formannafundur og Uppskeruhátíð hafa verið fyrirferðarmikil á skrifstofu síðustu vikuna.
3. Fjárhagsáætlun 2026

Uppfærð fjárhagsáætlun 2026 lögð fram. Verður til kynningar á formannafundi.
4. Formannafundurinn 8. nóvember

Rætt um dagskrá og stöðu á starfshópum sem skila áfangaskýrslum á formannafundi.
5. Afreks- og landsliðsmál – tillögur frá nefnd um framtíðarsýn afreksmála

Formaður landsliðsnefndar fór yfir vinnu starfshóps um framtíðarsýn afreksmála. Tekin voru viðtöl við alla HM keppendur, teymi og þjálfara auk nokkurra knapa úr landsliðshópi. Úr þessum viðtölum komu margir gagnlegir punktar og ábendingar um það sem betur mætti fara. Landsliðsnefnd hefur samþykkt tillögur hópsins um breytt og bætt verklag þar sem þurfa þykir. Starfslýsingar, verkefni og skyldur þjálfara og afreksstjóra, hafa verið uppfærðar.

Tekist hafa samningar með landsliðsnefnd og Sigvalda Lárus Guðmundsson sem yfirþjálfara Hæfileikamótunar og óskað er eftir samþykki stjórnar til að ganga frá tveggja ára samningi við hann.

Afgreiðsla: Tillögur nefndarinnar ræddar. Samþykkt að ráða Sigvalda Lárus Guðmundsson sem yfirþjálfara Hæfileikamótunar til tveggja ára.
6. Horses of Iceland

Samningur við ríkið um markaðsverkefnið Horses of Iceland rennur út um áramót. Vilji er meðal stærstu hagaðila til að halda verkefninu áfram en um leið að fjármögnunarmódelið króna á móti krónu sé ekki að virka og það færi betur á því að hafa kjölfestufjármögnun og aðrir hagaðilar myndu frekar greiða beint fyrir þátttöku í sértækum aðgerðum



Íslandsstofa er tilbúin að halda áfram utan um framkvæmd og styðja fjárhagslega við verkefnið með starfskröftum svo lengi sem fjármögnun markaðsaðgerða er tryggð. Deild hrossabænda er í dag sá hagaðili úr greininni sem greiðir mest til verkefnisins og leiðir samtal við ráðuneytið varðandi áframhald á fjármögnun.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að LH haldi áfram þátttöku í verkefninu HOI. Formanni falið að fara í viðræður við ráðuneytið með Deild hrossabænda. Fjárhæð framlags LH verði rædd eftir fyrsta fund með ráðuneytinu.

7. Uppskeruhátíðin

Undirbúningur gengur vel og nokkrir styrktaraðilar komnir að borðinu. Miðasala fer vel af stað.

8. Önnur mál

ÓP óskar eftir umræðu um tilkynningu á vef LH þar sem dagsetning Íslandsmóts 2026 var tilkynnt en jafnframt var skýrt frá því að Reykjavíkurmót hafi verið fært og verði haldið fyrstu vikuna í júní til að gefa Íslandsmóti svigrúm um miðjan júní. Óheppilegt sé að LH sé að auglýsa dagsetningar annarra móta en Íslandsmóts og Landsmóts.

Mál voru tekin út af dagskrá og frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 22.02